

## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 13.10.2021, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG),

Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS).

### Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

#### 1. Samþykkt fundargerðar

Lögð var fram til samþykktar eftirfarandi fundargerð:

- Aðalstjórnarfundur haldinn 8. sept sl.

**Niðurstaða:** Var fundargerð aðalstjórnarfundar 8. september samþykkt með smávægilegum breytingum frá SG.

#### 2. Stefnumótun

Pétur Arason frá Manino ehf., sem unnið hefur með Stjörnunni að bættum verkferlum og samskiptum kom sem gestur inn á fundinn. Pétur stýrði þann 4. okt sl. vinnufundi með fulltrúum stjórna deilda, aðalstjórnar og starfsmönnum þar sem opið samtal átti sér stað um samskipti, skipulag og stefnu Stjörnunnar. Pétur tók saman þá punkta sem komu fram og stillti upp í samantekt fyrir aðalstjórn sem hann fór yfir á fundinum. Tillögur hans að næstu skrefum væru að taka fyrir þau málefni sem helst brunnu á fundarmönnum og taka hvert málefni svo fyrir með hópnum áfram eða óska eftir fulltrúm hversrar deildar í hóp sem ræddi þau málefni. Eftir mikinn vöxt Stjörnunnar undanfarin ár líkti Pétur strúktúr og stjórnskipulagi félagsins við það að félagið væri farið að spila í meistaraflokki en væri ennþá að troða sér í 3. flokks treyjuna fyrir leiki.

Einnig hefur verið óskað eftir tilboði frá Viðari Halldórssyni, doktor í félagsvísindum til að koma að þessari vinnu. ÁIP er falið að fá skýrari uppsetningu á aðkomu hans að verkefninu og framkvæmd.

**Niðurstaða:** Aðalstjórn ákvað að best væri að skipta eftirfarandi málefnum upp í tvö stærri viðfangsefni sem vert væri að setja upp vinnuhópa með fulltrúum deilda félagsins til að vinna með fagaðilum, starfsmönnum og aðalstjórn.

- ✓ Stefna og framtíðarsýn
  - ✓ Framtíðarsýn
  - ✓ Uppeldisstefna – afreksstefna og lýðheilsa
  - ✓ Roadmap
- ✓ Skipulag, hlutverk og stjórnsýsla
  - ✓ Endurskoða skipulag félagsins og rýna til gagns
  - ✓ Samskipti við Garðabæ
  - ✓ Samskipti innan félagsins (þetta getur bæði verið um hvernig upplýsingar flæða, hvaða kerfi eru notuð, hvernig höfum við gaman saman o.fl.)
  - ✓ Skerpa á hlutverkum og verkferlum

### 3. Fjármál

#### A. 8-mánaða uppgjör félagsins og deilda

BS fór yfir uppgjör allra deilda og eininga innan félagsins fyrir fyrstu átta mánuði ársins, helstu áherslur voru:

- Á þessum tímamarki er rekstur félagsins sem heild neikvæður um 6 milljónir;
- Ekki er búið að tekjufæra endurgreiðslur frá VMST;
- Verið er að vinna í að áminna forráðamenn á greiðslu æfingagjalda og þá sérstaklega í knattspyrnudeild þar sem tímabil hennar hefst seinna en annarra deilda, við munum því hafa sterkari mynd af stöðu hvernar deildar í barna- og unglingsstarfi í nóv.;
- Stærstu fjáröflunarviðburðir handknattleiks- og körfuknattleiksdeildar eru framundan í okt. og nóv. og munu vonandi hafa töluverð jákvæð áhrif á rekstur þeirra deilda.

#### B. VMST, úthlutun til deilda

IHR, BS og BB fóru yfir hugmyndir fjárhagsráðs varðandi skiptingu á þeim styrk sem félagið hefur fengið í gengum úrræði stjórnvalda frá VMST vegna Covid-19.

**Niðurstaða og tillaga fjárhagsráðs til aðalstjórnar var að þeir fjármunir sem komu til félagsins vegna launa- og verktakakostnaðar deildanna renni beint og að fullu til deildanna, en aðalstjórn haldi eftir þeim fjármunum sem komu vegna starfsmanna aðalstjórnar.**

Jafnframt er lagt til að stjórnir einstakra deilda taki ákvörðun um útteilingu styrks hvernar deildar til einstakra eininga innan deildanna.

Áður er endanleg ákvörðun verði tekin um tekjufærslu til deildanna er lagt til aðfjárhagsráð ræði við forsvarsmenn deildanna til að kanna hvort mæta þurfi einhverjum sérstökum sjónarmiðum þeirra varðandi móttöku styrks og ráðstöfun.

**Niðurstaða:** Var tillaga fjárhagsráðs samþykkt einróma.

### 4. Led skilti við Molduhraun

ÁIP lagði fram kostnaðaráætlun og samninga vegna hugsanlegrar uppsetningar á Led skilti við Molduhraun.

**Niðurstaða:** Mun aðalstjórn óska eftir fundi með forsvarsmönnum handknattleiksdeildar á næstu dögum til að fara nánar yfir málið.

## 5. Önnur mál

### Búningamál - Sportland

ÁÍP fór yfir samtöl við hugsanlega birgja sem nú þegar hafa átt sér stað. Hafa samtölin almennt verið mjög góð og þeir ánægðir með þá þarfagreiningu sem félagið hefur afhent þeim sem vinnuskjal vegna mögulegs samstarfs. Stefnt er á að taka samtöl við fleiri aðila á næstu vikum og að tilboð frá þessum aðilum liggi fyrir aðalstjórn til skoðunar fyrir áramót.

**Niðurstaða:** til upplýsinga.

### Beiðni fyrir greiðslu búninga b&u handknattleiksdeildar

ÁÍP lagði fram beiðni frá handknattleiksdeild fyrir greiðslu á búningum sem deildin er að kaupa fyrir iðkendur í yngri flokkum. Þar sem um töluverðan kostnað er að ræða sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflegri áætlun deildarinnar þarf greiðslan samþykki aðalstjórnar.

***Lagði ÁÍP fram þá tillögu að greiðsla vegna búningakaupa yngri flokka yrði innt af hendi og svo dregin frá þeim Covid-19 styrk sem handknattleiksdeild mun fá greiddan á næstunni.***

**Niðurstaða:** tillaga ÁÍP var samþykkt einróma.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:50 – ritað ÁÍP